



## Áætlun og verklagsreglur um móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum

---

Áætlun þessi er sett af sveitarstjóra/hafnarstjóra Skagastrandarhafnar samkvæmt fyrirmælum í 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi frá skipum og reglugerðar nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Vísað er til laga um nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum skv. bókun 1978 (MARPOL-samningur), reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með síðari breytingum og reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

Skagastrandarhöfn er flokkuð sem meðalstór fiskihöfn:

- Bryggjukantar samtals um 532 m
- Mesta dýpi við kant 6 - 7 m á 80 m kafla.
- Dráttarbraut 170 þungatonn
- Hafnarvog fyrir 50 tonn
- Rafmagnstengingar fyrir gáma og skip
- Olíuafgreiðsla fyrir skip og báta
- Upptökubraut fyrir smábáta

### 1. gr. Markmið.

Markmið með áætlun þessari er samkvæmt reglugerð nr. 1200/2014 að draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum með því að tryggja aðstöðu í höfnum til að taka við úrgangi frá skipum.

### 2. gr. Gildissvið.

Áætlun þessi gildir um móttöku úrgangs frá öllum íslenskum skipum og um öll önnur skip sem koma til hafnar á Skagaströnd, að undanskildum erlendum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.

Ákvæði 6. gr. áætlunarinnar á ekki við um fiskiskip og um skemmtibáta sem mega einungis flytja 12 farþega eða færri.



# SKAGASTRANDARHÖFN

### 3. gr. Móttökuaðstaða.

Móttökuaðstaða úrgangs í höfninni eru gámar fyrir almennt sorp og geymir fyrir úrgangsolfu. Með samningi við Sorphreinsun VH /Gámaþjónustuna hf. eru tryggðar lausnir á öllum öðrum úrgangi sem eðlilegt og heimilt er að skip komi með að landi og losi.

Gámur (11 m<sup>3</sup>) fyrir almennan úrgang er staðsettur á plani við hafnarvog. Hann er læstur utan opnunartíma hafnarinnar og fylgst með umgengni um hann af hafnarverði. Olíutankur (1000 l) fyrir úrgangsolfu er staðsettur við hráolíutanka olúfélaganna á Skúffugarði.

Losun og ráðstöfun umræddra úrgangsefna fer samkvæmt þeim reglum sem gilda um eyðingu úrgangs. Aðstaða til móttöku úrgangs miðast við þarfir skipa er jafnan koma í höfnina og skal þannig frá henni gengið hverju sinni að skip verði ekki fyrir ótilhlýðilegum tögum.

Heimabátar	Komur	Heimabátar	Komur
< 20 bt		21-100 bt	
Alda 2540	24	Dagrún 1184	66
Arndís 6382	40	Hafrún 530	62
Auður 7413	94	Onni 1318	39
Bergur sterki 2445	59	Kristinn 2860	74
Bjartur í Vík 2431	25	<b>Samtals</b>	<b>241</b>
Blíðfari 6783	57		
Bogga í vík 6780	37		
Bragi Magg 7532	55		
Dísa 6975	44		
Dóra 6918	55		
Fengsæll 7427	30		
Hjalti 2185	55		
Jenný 7377	33		
Kambur 1790	45		
Kópur 7696	21		
Loftur 7097	53		
Már 6195	26		
Ólafur Magnússon 2183	37		
Sæfari 2680	46		
Svalur 6816	29		
Viktor Sig 2452	35		
Guðmundur á Hópi 2664	27		
Ísak Örn 6035	15		
Guðrún Ragna 7670	32		
Gyðjan 6717	15		
Hrund 2786	8		
Elfa 7453	12		
<b>Samtals</b>	<b>1009</b>		



# SKAGASTRANDARHÖFN

Aðkomubátar	Komur	Aðkomubátar	Komur	Aðkomubátar	Komur
< 20 bt		21-100 bt		>101 bt	
Beggi á varmalæk 7526	18	Frídel 1149	2	Guðbjörg 2468	12
Blær 7259	14	Harpa 1126	7	Rifsnes 2847	4
Geiri 7763	48	Geirfugl	55	Steinunn 2449	8
Hafdís 6584	62	Þorleifur 1434	10	Hamar 253	2
Húni 6933	61	Auður Vésteins 2888	3	<b>Samtals</b>	<b>26</b>
Sæunn 6917	54	Vésteinn 2908	3		
Smári 6395	13	Indriði Kristins 2947	2		
Víðir 7758	20	Særif 2822	20		
Rúnar 7201	10	Stakkhamar 2902	2		
Lukka 6494	14	Sævík 2714	12		
Ásdís 6838	1	<b>Samtals</b>	<b>116</b>		
Hjördís 1813	7				
Addi afi 2106	12				
Beta 2764	19				
Víðir 2174	11				
Sundhani 1859	1				
Skúli 2754	1				
Sandvík 6936	4				
Von 2733	5				
Elín 2392	18				
Tóki 1695	4				
Greifinn 7755	11				
Guðrún Petrína 2256	3				
Þorbjörg 2588	2				
Guðrún 2640	28				
Dúddi Gísla 2778	54				
Straumey 2710	20				
Sigurey 1774	1				
Gunna Beta 2951	3				
Sara 1618	5				
Ragnar Alfreðs 1511	2				
Gulltoppur 2615	6				
<b>Samtals</b>	<b>532</b>				

#### 4. gr. Áætlun og verklag.

Vigtað magn úrgangs á höfninni árið 2019 var 14.255 tonn af blönduðum úrgangi. Magn úrgangsolfu sem losað var nam 4500 lítrum. Sorpmagn berst óreglulega að landi og hefur sýnt sig að vera meira á síðasta fjórðungi ársins en aðra mánuði. Óheimilt er að kasta sorpi, fiskislógi eða öðrum föstum úrgangi í Skagastrandarhöfn.



# SKAGASTRANDARHÖFN

## a) Uppruni úrgangs:

Áætlað er að úrgangur komi allur frá fiskiskipum en mörg ár eru síðan farmskip lögðust að bryggju á Skagaströnd.

## b) Móttaka:

Notendur hafnarinnar losa sjálfir úrgang í gáma á hafnarsvæðinu undir eftirliti hafnarstarfsmanna.

Áhafnir og löndunarmenn fiskiskipa losa grófflokkaðan úrgang í gáma sem staðsettir eru á löndunarbyggju. Erlend skip losa heimilissorp í gáma á hafnarsvæðinu í samráði við hafnarvörð. Ef magnið er mikið sér hafnarvörður um að útvega sorpgám eða sorpbíl sem sendur er að skipshlið.

Hafnarstarfsmenn útbúa kvittanir fyrir móttöku sorps frá erlendum skipum að öðru leyti er ekki um sérstaka skráningu eða innmælingu á sorpi að ræða. Úrgangur sem tekið er á móti á Skagastrandarhöfn er ekki formeðhöndlaður.

Sé um flutningaskip að ræða þá panta umboðsmenn flutningaskipa panta uppðælingabíla ef þess er þörf.

Ekki hefur verið tekið á móti skólpi frá skipum í Skagastrandarhöfn. Ef óskað er eftir slíkri losun sérstaklega útvegar hafnarvörður dælubíl að skipshlið.

Heildarmagn úrgangs úr gám á Skagastrandarhöfn er skráð af þjónustuaðila skv. vigtuðu magni í sorphirðubifreið.

## c) Ráðstöfun:

Almennu sorpi af Skagastrandarhöfn er ráðstafað til urðunar á urðunarstaðnum Stekkjarvík í Blönduósbæ.

Árlegt magn sem vigtað er frá Skagastrandarhöfn er 10-12 tonn

Útgerðir fiskiskipa sjá um að losa spilliefni, olfur, járnstykki og stærri hluti á móttökustöð úrgangs við Vallarbraut. Útgerðir sjá um að afsetja veiðarfæri og að panta uppðælingabíla til losunar á úrgangsolíum.

Úrgangsolíu er ráðstafað til endurvinnslustöðva með milligöngu olúfélaganna. Árlegt magn sem berst í úrgangsolíutank hafnarinnar er um 2.000 lítrar og magn af veiðarfærum sem berast höfninni til urðunar árlega er um 500 kg.

Spilliefnum er ráðstafað til eyðingar samkvæmt samningi við Gámaþjónustuna ehf. Spilliefni sem berast höfninni til eyðingar árlega eru um 200 kg.

## d) Eftirlit með úrgangsflokkum:

Hafnarvörður hefur eftirlit með að spilliefnum, olíum eða öðru sem flokka skal sérstaklega sé ekki hent í almenna sorpgáma heldur ráðstafað til sérstakrar meðhöndlunar eða eyðingar.

## e) Gjaldtaka:

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum, ber skipstjóri ábyrgð á því að úrgangi skipa sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.



# SKAGASTRANDARHÖFN

---

Gjaldtaka er sett samkvæmt heimild í reglugerð 1201/2014 og er hluti af gjaldskrá Skagastrandarhafnar sem er birt á heimasíðu Sveitarfélagsins. [www.skagastrond.is](http://www.skagastrond.is)

Innheimt er fast sorpgjald eftir stærð skipa, óháð því hvort þau skili úrgangi í land.

Öll skip sem falla undir c-lið 11. gr. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs; (Undanþegin gjaldtöku skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, eru fiskiskip, skemmtibátar sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskip, hjálparskip í flota, skip sem þjónusta fiskeldi, skip í ríkiseign og skip í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera.)

Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal skip greiða 0,83 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.300 og hámarksgjald kr. 52.600. Lágmarksgjald er ávallt greitt þó engum úrgangi sé skilað á land.

Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur

Skip og bátar með varanlega viðveru í Skagastrandarhöfn greiða skv eftirfarandi reglum;

1. Bátar 2-30 brl. greiða óháð magni 1.874 kr/mán + vsk
2. Bátar 30-100 brl. greiða óháð magni 3.523 kr/mán + vsk
3. Bátar 30-100 brl. greiða óháð magni 7.921 kr/hver löndun + vsk.

Gerðir eru reikningar sérstaklega ef hreinsa þarf bryggjur og sömuleiðis ef magn er það mikið að panta þarf bíl eða sorpgám. Slíkt förgunargjald skal standa undir förgun á þeim úrgangi sem skilað er í land.

## f) Vanbúnaður:

Kvörtunum um vanbúnað og skýrslugjöf um það sem miður kann að fara skal skilað til hafnarstjóra ef þurfa þykir. Við slíkum kvörtunum verður brugðist eftir eðli máls hverju sinni ýmist með úrbótum á búnaði og aðstöðu eða með því að taka tillit til athugasemda við gerð reikninga til viðskiptavinar. Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið [hofn@skagastrond.is](mailto:hofn@skagastrond.is) Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrivalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar.



# SKAGASTRANDARHÖFN

Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

[\(https://www.ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/thjonusta-hafna/\)](https://www.ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/thjonusta-hafna/)

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

## **g) Samráð, samstarfsaðili:**

Samráð er haft við notendur hafnarinnar varðandi umgengi við sorpgáma og meðhöndlun úrgangs. Samningur er við Gámaþjónustuna /Sorphreinsun VH ehf. um losun gáma á hafnarvæðinu og fer losun fram með reglubundnum hætti en aukalosanir samkvæmt beiðni starfsmanna.

## **6. gr. Tilkynningar.**

Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar ber ábyrgð á að eyðublað um úrgang og farmleifar í skipum, sbr. viðauka II í reglugerð 1200/2014, sé fyllt út með réttum upplýsingum og að koma því til starfsmanns hafnarinnar. Skagastrandarhöfn ber því ekki ábyrgð á að afla annarra gagna um farmleifar um borð í skipum en samkvæmt fyrirmælum reglugerðar.

Hafnarstjóri skal fyrir 1. mars ár hvert senda Umhverfisstofnun samantekt á þeim tilkynningum um úrgang og farmleifar sem þeim hafa borist árið á undan.

„Ef SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning.

Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits)“

## **7. gr. Ábyrgð.**

Ábyrgðaraðili á rekstri hafnar er sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar sem er jafnframt hafnarstjóri og starfar í umboði sveitarstjórnar Skagastrandar og hafnarnefndar Skagastrandarhafnar. Hafnarvörður ber ábyrgð á að almennum verklagsreglum um meðhöndlun úrgangs og skráningu sé fylgt.

Eigandi hafnarinnar er Sveitarfélagið Skagaströnd.

## **8. gr. Endurskoðun áætlunar**

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á vinnulagi sorpmála við Skagastrandarhöfn á næstunni nema til komi meiriháttar breytingar á rekstri eða starfssemi hennar. Næsta endurskoðun á áætluninni fer fram árið 2021.



# SKAGASTRANDARHÖFN

---

Skagaströnd, 19. mars 2020

Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri

*Sigr. Keistinsd.*  
**UMHVERFISSTOFNUN**  
Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík  
Sími 591-2000 - Fax 591-2010  
Kt. 701002-2880

Handwritten text at the top of the page, possibly a title or header.



Handwritten text in the lower middle section of the page, appearing to be a signature or a set of notes.